



# Um stríðságóða og erfiðleika í kjaramálum, flutt á 6. áratugnum

---

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Ræður – Kjaramál – Stríðságóði

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360

Ræður

Askja 4-2, Örk 2

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að Íslendingar hafa aldrei í sögu sinni átt meira af atvinnutækjum í landi sínu og til útgerðar frá landinu en nú. Á sama stendur hvert lítið er, alls staðar eru framfarirnar allt að því ótrúlegar. Nýsköpunartogararnir, siglingaflotinn, vélbátarnir nýju, hraðfrystihús og aðrar fiskiðnaðarstöðvar, síldarverksmiðjur og alls konar iðja og iðnaður, landbúnaðar- og jarðyrkjuvélur í ræktun lands, bifreiðar, flugvélafloti, íbúðarhúsabyggingar, vegir, brýr og flugvellir, 6 1/2 sinnum meiri rafmagnsnotkun nú en fyrir stríð. Allt talar þetta skýru máli og segir sína sögu, sem ómerkir með öllu talið um, að Íslendingar hafi látið stríðsgróðann ganga sér úr greipum, án þess að hafa af honum verulegt gagn. Sannleikurinn er sá, að á síðustu árum hefur hér á landi orðið bylting á atvinnuhögum og lífskjörum almenningsi til góðs, meiri en nokkurn mann gat grunað fyrir fáum árum.

Auðvitað hefur sumt farið á annan veg en skildi. Enginn vandi er að vera vitur eftir á og benda á hvað betur hefði mátt fara.

Svartsýnismennirnir, þeir sem sögðu, að nýsköpunartogararnir yrðu aldrei annað en spýta og svo spýta og síðan spýta í kross hefur sagt, að þjóðin væri á glötunarbarmi og hraðri leið niður á við, stíð á því lét af völdum fyrir 7 árum rækilega reynzt hafa rangt fyrir sér, enda mun þeirra lengi

minnst, sem dæma þess, hvernig annarsveggar steinrunnið afturhald og hinsveggar starblind valdagræðgi geta leikið ekki annars alveg ógreinda menn.

Gagnmerkur hagræðingur hefur nýlega látið svo um mælt, að á síðustu 7 árum hafi Ísland afrekað það, sem ef til vill hefði tekið 50 ára að framkvæma með sama hraða og hér var fyrir síðasta stríð. Þrátt fyrir þessi afrek verður að horfast í augu við það, að hér horfir margt öðru vísi en skyldi, þegar íhugað er hverju áorkað hefur verið, er það sem á bjátar þó smáráði við hitt, sem gert hefur verið. Þær meinsemdir, sem að eru, kunna engu að síður að vera hættulegar. Stór og mikil vél getur stöðvast og jafnvel eyðilagst með öllu. Á hana vantar nauðsynlega smurningu eða ef úr lagi eru farin nokkur smá-hjól eða jafnvel skrúfnaglar og ekki er að gert í tíma. Fer og fjarri að auðvelt sé að bæta allt það, sem nú fer aflaga í íslenzku stjórn mála, fjárhags- og atvinnu-lífi. Ef það væri jafn einfalt og auðvelt og sumir vilja vera láta, yrði vissulega búið að gera við gallana fyrir löngu. Það er af því, að hér eru ýmsir erfiðleikar á, sem lækninginn eða lagfæringinn hefur dregist, þótt erfiðleikar séu nú á, þá er <sup>og þeim</sup> sá munur á þeim/erfiðleikum, er við höfum lengst af átt við að stríða. Nú höfum við sjálfir í hendi okkar, að við höfum vit, vilja og þol. Þá urðu vægir barna-  
þjúkdómar, sem nú eru kallaðir, að skæðum

Þetta einkenni þeirrar höfuðmeinsendar, sem atvinnu- og fjármálalífið nú er haldið af. Af ástæðunum til þess að svona hefur farið er, að Íslendingar hafa undanfarið varið meira, en þeir raunverulega hafa efni á, af tekjum sínum til fjárfestingar, þ.e.a.s. til útvegunar nýrra atvinnutækja og uppbyggingar landsins.

Árið 1938 vörðu Íslendingar af þjóðartekjum sínum, til fjárfestingar, 13%, 1947 35% og 1948 28%. Hversu há hlutfallstala þetta er sést af því, að 1948 varði Noregur aðeins 22%, Júgóslavía aðeins 15%, Danmörk 11%, Holland 11%, Svíþjóð 10% og Bretland 9% af þjóðartekjunum til fjárfestingar. Þessi mikla fjárfesting<sup>sem</sup> er mun meiri en aðlögur sparnaður landsmanna segir til um, verður framkvæmanleg aðeins með tekjuafli hjá ríkissjóði og margskonar óheilbrigði í viðskiptum, auðvitað lenda á baki almennings áður en líkur. Sumir segja, að ef þessu væri kippt í lag, mundi af því leiða atvinnuleysi, því fer fjarri að svo sé. Nýsköpunartækin sjá fyrir því, að þannig þarf ekki að fara, og vissulega er óheilbrigði í atvinnuástandinu meðan almenningur fær ekki nauðsynlega neyzluvöru, vegna þess að svo er keppzt við framkvæmdir í landinu sjálfu, t.d. 15 togarar eru ekki gerðir út, af því að það borgar sig ekki, jafnvel þótt þeir séu engu lakari skip heldur betri en skip